

Svipmynd

Hin mannlega nánd

STEINUNN ÞÓRARINSDÓTTIR MYNDHÖGGVARI HEFUR VAKIÐ MIKLA ATHYGLI ERLENDIS FYRIR VERK SÍN. STEINUNN RÆÐIR Í VIÐTALI UM LISTINA, ÍSLENSKAN OG ERLENDAN MYNDLISTARHEIM OG FARSÆLT EINKALÍF, EN HÚN GIFTI SIG UM SÍÐUSTU JÓL.

Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrun@mbl.is

Steinunn Þórarinsdóttir myndhöggvari hefur átt mikilli velgengni að fagna síðustu árin, bæði hér heima og ekki síst erlendis. Tvær stórar farandsýningar á útilistaverkum eftir hana eru í Bandaríkjunum, önnur þeirra, Horizons, hefur verið á ferðalagi síðan 2007 og er nú í Birmingham Museum of Art í Alabama. Hin sýningin, Borders, hóf ferð sína í New York á Dag Hammarskjöld Plaza við höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna, fór síðan til miðborgar Seattle og er núna í listahverfinu í Dallas í Texas. Þekktur athafnamaður í Dallas, Craig Hall, kostar þá sýningu en hann hefur safnað verkum Steinunnar frá árinu 2000. Borders-sýningin fer síðan til Chicago í ágúst, þar sem hún verður sett upp skammt frá Chicago Art Institute og Millennium Park. Gallerí Steinunnar í Bandaríkjunum er Scott White Contemporary.

Sýning á útilistaverkum eftir Steinunni, sem heitir Situations, var svo nýlega í London á torginu Economist Plaza í Mayfair og stefnt er að því að verk hennar verði sýnd á Berkeley Square sem er í hjarta borgarinnar. Gallerí Steinunnar í Lundúnum, Osborne Samuel, skipuleggur þessi verkefni.

Steinunn er miklu á ferðalögum vegna sýninga á verkum sínum erlendis en næst liggur leið hennar í

norðrið til Færeyja þar sem hún sýnir rúmlega tuttugu verk á sumarsýningu Norðurlandahússins í Þórshöfn ásamt ungrri færeyskri listakonunni, Silju Ström. Sýningin verður opnuð 7. júní. Það er hin íslenska Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður Norðurlandahússins í Færeyjum, sem hefur veg og vanda af sumarsýningunni.

Hin alþjóðlega velgengni gleður Steinunni vitanlega. „Ég er innilega glöð að finna fyrir slíkum meðbyr,“ segir hún. „Það er líka áhugavert að bera erlenda myndlistarheim saman við myndlistarheiminn hér heima og horfa á hann úr fjarlægð.“

Hvernig er íslenski myndlistarheimurinn í samanburði við þann erlenda?

„Ég hef ekki haldið sýningu á Íslandi síðan 2006 og þá er eins og maður gleymist dálítið. Ég get þó í sjálfu sér ekki kvartað. Mér hefur verið mjög vel tekið hér heima og það er auðvelt að koma sér á framfæri miðað við það sem gerist erlendis. Hins vegar eru það fáir aðilar sem ráða íslenska myndlistarheiminum og því hvernig hann þróast. Ég er fegin að þurfa ekki að reida mig eingöngu á hann heldur eiga stærra svið. Með fleiri galleríum, eins og nú virðist vera að gerast, breytist þessi sena vonandi. Á stundum hefur ástandið í myndlistinni hér heima verið mjög einhæft og bundið við ákveðnar stefnur

og samtrygging og órsamfélagið hefur að einhverju leyti sett svip á ástandið. Þetta er reyndar gömul saga og ný í þessu litla landi. Erlendis er meira um það að alri flórinni séu gefnir möguleikar og leyft að blómstra, þó auðvitað sé samkeppnin gríðarlega hörð.“

Kynlaus tákn mennskunnar
Þessar kynlausu figúrur sem þú ert svo þekkt fyrir heilla fólk. Þetta eru figúrur sem mann langar ósjálfrátt til að snerta.

„Fígúrnar eru kynlaus tákn mennskunnar. Ég vil að fólk geti nálgast verk mín, fundið samhljómi þeim og túlkað á sinn hátt. Karakterinn í fígúrum mínum er frekar hlutlaus. Þær eru ekki ógnandi og þess vegna finnst fólk sennilega að það geti nálgast þær. Stundum er það næstum því of nærgöngult – ef það er þá hægt. Verkin tengjast áhorfandanum á beinan og að vissu leyti líkamlegan hátt vegna þess að þau eru gjarnan í líkamsstærð og oft staðsett á sama plani og í sama rými og áhorfandinn. Það hvetur til samtals milli listaverks og áhorfanda. Samt er það ekki líkaminn sjálfur sem vekur áhuga minn, heldur hin mannlega nánd.“

Ég er búin að vinna fígúratív verk í 35 ár, þetta er orðinn langur ferill. Þegar ég byrjaði í námi og fór að vinna á þennan hátt var það dálítið eins og að koma heim. Ég var

að fást við eitthvað sem mér fannst ég þekkja en um leið var listsköpunin ónumið land og endalags innblástur fyrir mig.

Eitt af því sem ég geri stundum til að ná ákveðnum áhrifum, er að ég nota mörg mót fyrir hvert verk þannig að fígúrnar verða oft dálítið skrátnar og að mörgu leyti ófullkomnar, eins og við mannfólkið erum. Ég held að það eigi kannski þátt í að laða fólk að verkunum, þau eru ekki goðumlíkir einstaklingar. Á vissan hátt eru verkin líka eins konar landslag og innihalda lífrænan sprengikraft í áferð og formun og hafa í rauninni afar lítið með raunsæi að gera.

Sum verka minna eru frásagnarleg og segja sögu sem hefur merkingu fyrir mig þótt aðrir sjái kannski ekki þá sögu í þeim heldur einhverja allt aðra sögu. Önnur eru á almennari nótu. Ég hef miklu notað son minn, Þórarinn Inga, sem módel og með því að nota hann tengist ég verkunum enn sterkari böndum þó svo að lokaniðurstaðan verði ekkert lík honum í sjálfu sér. Grunnurinn er samt nátengdur mér.“

Hvenær ákvaðstu að verða myndlistarmaður?

„Ég var í menntaskóla þegar ég ákvað að verða myndlistarmaður. Mér fannst eiginlega ekkert annað koma til greina. Ég fór til Bretlands í fornám og kynntist ýmsum listgreinum en strax á fyrsta árinu í BA-námi var ég komin á kaf í skúlptúrinn. Skúlptúrinn er nokkuð sem ég valdi og hef aldrei fundið þörf fyrir að yfirgefa.“

Var ekkert erfitt á þessum tíma að vera kona og ætla sér að verða myndhöggvari?

„Ég byrjaði í listnámi árið 1974 og þá voru mjög fáar konur hér á landi sem unnu að höggmyndalist en ég var svo ung að ég var ekkert að velta því fyrir mér hvort þetta væri erfðara svið en annað í myndlistinni. Þegar ég kom heim frá námi voru einungis rúmlega fimmtán manns í Myndhöggvarafélaginu og fjórar konur en nú eru þar yfir hundrað manns og stór hluti þeirra eru konur. Sumir segja að myndlistarheimurinn sé erfiðari fyrir konur en karla en ég hef ekki fundið neitt sérstaklega fyrir því og spái ekki í það heldur. Ég hef gert miklu af stórum útverkum og þá eru verkin að hluta til unnin í vélsmíðju og þar vinn ég aðallega með karlmönnum. Það samstarf hefur gengið frábærlega en Vélsmíðjan Héðinn hefur verið minn aðalsamstarfsaðili.“

Talandi um stór útilistaverk þá var slíku verki eftir þig stolið í Hull. Hvernig varð þér við?

„Það var hringt í mig frá Hull snemma morguns og mér sagt að búið væri að stela verkinu. Ég hélt satt að segja að þetta væri grín. Verkið var á undirstöðu í fjögurra metra hæð og 300 kíló og úr bronsi. Þetta hafa verið hálfgerðir snillingar á vissan hátt því stuðlabergssúlan



Steinunn Ég vil að fólk geti nálgast verk mín, fundið samhljómi þeim og túlkað á sinn hátt.

sem fígúran stóð á var óhöggð og óbrotin. Þarna var nær örugglega verið að stela bronsinu, en slíkur þjófnaður er nokkuð algengur, sérstaklega í Bretlandi. Sem betur fer var hægt að endurgera verkið sem var svo afhjúpað aftur formlega. Mér leið dálítið eins og ég væri í kvikmyndinni Groundhog Day þegar ég var komin í annað sinn til að vera viðstödd afhjúpun á sama verkinu.“

Kominn tími á giftingu

Vegna velgengni þinnar í útlöndum ertu miklu fjarverandi. Maðurinn þinn, Jón Ársæll Þórðarson sjónvarpsmaður, hefur líka verið á þönun vegna sjónvarpsþáttagerðar. Hafa fjarvistir einhver áhrif á heimilislífið?

„Jón hefur alltaf verið helsti stuðningsmaður minn. Hann er skapandi maður. Það er erfitt starf að vera myndlistarmaður og því er mikilvægt fyrir mig að eiga maka eins og hann. Við erum búin að vera saman í 33 ár, erum mjög ólík að flestu leyti en bættum hvort annað upp og erum miklir vinir. Við giftum okkur núna fyrir jólin á þrítugsafmæli eldri sonar okkar. Það var kominn tími á giftingu, en það vissi enginn af henni nema strákarnir okkar. Við eigum tvo syni, sá yngri, Þórður Ingi, var að útskrifast úr fornmaladeild Menntaskólans í Reykjavík. Hann hefur verið að semja tónlist, sérstaklega raftónlist

A Member of
The Linde Group | AGA

**AGA GAS
ER ÖRUGGT
VAL HEIMA
OG Í FRÍINU**

Þú getur verið afslappaður og öruggur við grillið með AGA gas. Öruggur um að þú ert að nota gæðavöru og að þú fái góða þjónustu þegar þú þarft áfyllingu á gashylkið, hvort sem þú nýtir þér heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu eða þegar þú heimsækir söluaðila AGA.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.



www.GAS.is